

VÚ, Verklegar úrlausnir

Gerum Betur

Lok verkefnis: **03.01.2020**

1. Heiti verkefnis og nafn styrkþega

VÚ – Verklegar lausnir. Gerum betur ehf.

2. Um verkefnið

Verkefnið snerist um að útbúa safn af handhægum hermíleikjum og vinnuverkefnum sem byggja á verklegum úrlausnum (hér eftir VÚ) fyrir starfsfólk í þjónustufyrirtækjum. VÚ-aðferðirnar er hægt að nota sjálfstætt til þjálfunar og með öðrum aðferðum svo sem „Þjálfun í gestrisni - raundæmum og verkefni“ (styrkt 2016). Auðvelt er að yfirfæra VÚ á ensku.

3. Markmið verkefnis

Þróa og útfæra leiðir til að auðvelda og efla fræðslu innan fyrirtækja í dreifðum byggðum.

4. Hverjir voru helstu samstarfsaðilar?

Meðhöfundur er Sigrún Jóhannesdóttir.

5. Hver er helsti ávinningur af verkefninu fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar?

Þjálfunarefnið sem slíkt er úrræði sem mætir þörfum atvinnulífs fyrir þjálfun í ýmissi persónulegri hæfni sem er stór þáttur í starfshæfni þjónustufyrirtækja en verður ekki þjálfuð með fyrirlestrum eða bóklestri. VÚ hentar sem námsefni í vottuðu námi í menntastofnunum og á símenntunarnámskeiðum jafnt sem í námi hjá starfsþjálfum á vinnustöðum.

6. Lokaafurð/ir verkefnis

[Handbók](#) sem inniheldur 20 mismunandi verklegar æfingar fyrir þjálfun í þjónustusamskiptum ásamt leiðbeiningum.